



Félag leiðsögumanna
Mörkinni 6
108 Reykjavík
Sími 588-8670

Alþingi
Erindi nr. P 133/891
komudagur 12. 2007

www.touristguide.is
info@touristguide.is
Skrifstofufými:
Alla virka daga 11-14

Landinu virðing – lífinu hlýja

Umsógn Félags leiðsögumanna um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál, heildarlög.

Félag leiðsögumanna fagnar frumvarpi stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Félagið vill þó koma með eftirfarandi athugasemdir:

Vegna 15.gr.

Tryggt sé að vegir að helstu stöðum þjóðgarðsins beri umferð hópferðabíla og að á þessum helstu stöðum sé nóg pláss til að þannig bílar geti athafnað sig án þess að valda skemmdum á þjóðgarðinum eða ökutækjunum eða stofni öryggi fólks í hættu.

Félag leiðsögumanna leggur áherslu á að aðgengi sé sem best að öllum stöðum. Einnig er æskilegt að göngustígar séu merktir (t.d. á skalanum 1 til 5) með upplýsingum um hversu erfiðir þeir eru til göngu, svo sem upplýsingar um lengd, hæðarmun, vöð og áætlaðan ferðatíma.

Vegna 16.gr.

Á helstu stöðum þjóðgarðsins verður einnig að vera nauðsynleg lágmarksþjónusta, svo sem salerni og sorpilát, svo að ásýnd þjóðgarðsins spillist ekki.

Einnig er æskilegt að á þeim stöðum þar sem reknar eru upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar, sé aðilum með veitingarekstur gert kleift að vera með aðstöðu.

Ennfremur er æskilegt, með hliðsjón af því að ferðamannatímabilið er sífellt að lengjast og að stjórnvöld eru að reyna að fá ferðamenn til landsins utan háannatímans, að starfsemi þjónustustöðva taki mið af því.

Vegna 20.gr.

Félag leiðsögumanna hefur hagsmuna að gæta hvað varðar umgengi, umferð og samgönguleiðir ferðamanna um þjóðgarðinn og vill því fá reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð til umsagnar.

f.h. Félags leiðsögumanna

Ragnheiður Björnsdóttir
Ragnheiður Björnsdóttir (formaður)

Pétur Gauti Valgeirsson
Pétur Gauti Valgeirsson (varaformaður)